

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *66. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 08. desember 2005, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2006.
3. Erindi BM ráðgjafar vegna verkefnisins "Blátt áfram".
4. Breyting á prókúru.
5. Erindi Teikn á lofti varðandi lóðarafmörkun Skútustaðaskóla.
6. Skipan fulltrúa í samninganefnd hitaveitunnar við Vogunga.
7. Norðurljós styrkbeiðni.
8. Atvinnuumsóknir.
9. Öryggismál á Hólasandi.

Til kynningar.

Skýrsla SUNN um endurheimt votlendis í Framengjum og Nautey 2003-2005.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

Í upphafi fundar gat oddviti þess að þar sem hún var ekki á síðasta sveitarstjórnarfundum vildi hún koma á framfæri þökkum til fráfarandi sveitarsjóra Sigbjörns Gunnarssonar fyrir gott samstarf gegnum árin og óskar honum og hans fjölskyldu velfarnaðar á nýjum vettvangi.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7 og 8 yrði bætt á dagskrá. Birkir óskaði eftir að 9. máli væri bætt á dagskrána.

**2. Fjárhagsáætlun 2006.**

Frestað til næsta fundar.

**3. Erindi BM ráðgjafar vegna verkefnisins “Blátt áfram”.**

Erindinu var frestað á síðasta sveitarstjórnarfund. Fram kom í máli oddvita að hún hefði rætt við skólastóra sem ætlaði að kynna sér málið. Í morgun hafði síðan samband formaður kvenfélagsins Sigrún Sverrisdóttir og sagði frá því að kvenfélagið væri tilbúið að styrkja þetta verkefni eða annað sambærilegt með einhverjum hætti ef að eftir því yrði óskað. Ákveðið að láta það í hendur skólastjóra að ákveða verkefnið. Jafnframt þökkum við kvenfélaginu fyrir stuðninginn.

**4. Breyting á prókúru.**

Oddviti upplýsti að hún hefði ekki prókúru á reikninga sveitarsjóðs og óskaði eftir heimild til að bæta þar úr. Samþykkt.

**5. Erindi Teikn á lofti varðandi lóðarafmörkun Skútustaðaskóla.**

Borist hefur bréf frá Teikn á lofti f.h eigenda fasteignarinnar Skútustaðaskóla þar sem óskað er eftir að gengið verði frá lóðarsamningi í samræmi við m.f. tillögur. Afmörkun lóðarhlutanna er byggð á samningum á milli þáverandi eigenda fasteignarinnar og landeigenda Skútustaða dags. 07.04.1973, annars vegar og Álftagerðis, dags. 23.04.1962. Borist hefur bréf frá eigendum og ábúendum Skútustaða 2, þar sem gerðar eru athugasemdir við lóðarsamninginn. Afgreiðslu málsins er því frestað þar til frekari upplýsinga hefur verið aflað.

**6. Skipan fulltrúa í samninganefnd hitaveitunnar við Vogunga.**

Í nefndinni sátu Áslaugur Haddsson, Böðvar Pétursson og Sigbjörn Gunnarsson, í ljósi þess að Sigbjörn hefur látið af störfum er eðlilegt að skipa nýja fulltrúa í hans stað. Samþykkt að fara þess á leit við lögfræðing sveitarfélagsins í málinu að taka að sér nefndarsetuna.

**7. Norðurljós styrkbeiðni.**

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 100. þúsund

**8. Atvinnuumsóknir.**

Borist hafa þrjár umsóknir um afleysingar í heimilishjálp. Umsækjendur eru Guðrún Benediktsdóttir, Hrönn Björnsdóttir og Rakel Svava Einarsdóttir. Samþykkt að ráða Rakel Svövu Einarsdóttur og oddvita falið að ganga frá ráningarsamningi.

**9. Öryggismál á Hólasandi.**

Þar sem megin hluti Hólasands er utan þjónustusvæðis gsm fjarskipta og með breytingum í atvinnumálum í Mývatnssveit þ.e. að dregið hefur úr reglubundnum ferðum um Hólasand með lokun Kísiliðjunnar hf. beinir

sveitarstjórn þeim tilmælum til Símanns hf að gsm endurvarpi verði settur á Geitafellshnjúk þannig að símasamband verði á Sandinum. Oddvita falið að rita Símanum bréf þar sem þessu er komið á framfæri.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.